

Sp.

705. Skýrsla

[80. mál]

forsætisráðherra um fíkniefnamál, skv. beiðni.

Skýrsla sú, sem hér er lögð fram, er tekin saman að ósk Jónönnu Sigurðardóttur og átta annarra þingmanna Alþýðuflokksins í samræmi við 30. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Til þess að leita svara við þeim spurningum, sem settar voru fram í beiðni alþingismannanna, leitaði forsætisráðuneytið til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Fara þau svör sem fengust hér á eftir. Samhliða skýrsla þessari er dreift til alþingismanna til frekari glöggvunar ritinu *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi* eftir Ómar H. Kristmundsson sem gefið var út af dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1985. Þar er m.a. að finna ítarlegri svör við mörgum þeirra spurninga sem lagðar eru fram í beiðninni.

Enn fremur er í beiðninni óskað upplýsinga um fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna. Í því sambandi er rétt að skýra frá því að í maí 1986 skipaði forsætisráðherra, skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar, framkvæmdanefnd til þess að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna. Þess er nú skammt að bíða að nefnd þessi ljúki störfum. Er þess vænst að hún skili lokaskýrslu til ríkisstjórnarinnar ásamt tillögum á þessu sviði í marsmánuði 1987. Í 21. lið í skýrslunni verður nánar vikið að störfum nefndarinnar.

1. Útbreiðsla fíkniefnanotkunar.

Mikil óvissa ríkir um umfang og útbreiðslu fíkniefna hér á landi, enda kannanir á því sviði mjög afmarkaðar og gefa ekki nema óljósa mynd, að hluta — enga heildarmynd. Flestar þeirra eru gerðar á meðal unglunga á skólaskyldualdri, en lítið er vitað um þá sem horfið hafa frá námi eða hvernig notkun fullorðinna er. Árið 1984 gerði Ómar H. Kristmundsson könnun á neyslu fíkniefna hér á landi (*Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*, dóms-

málaráðuneytið, 1985). Könnunin var gerð meðal 16–36 ára Íslendinga hvaðanæva að af landinu. Niðurstöður urðu þær að 23,6% þeirra sem endanlega svöruðu spurningum höfðu prófað kannabis einu sinni eða oftár, 3,9% höfðu reynt amfetamín, 2,0% LSD og 1,0% hafði prófað kókaín. Heróín hafði verið prófað í einu tilfelli og sömuleiðis morfín. Könnun þessi leiddi einnig í ljós að algengast var að einstaklingar hefðu reynt kannabis á aldrinum 26–30 ára eða 32,7%. Aldursbilið 21–25 ára fylgir fast á eftir með 31,3%. Þeir sem prófað höfðu kannabis á aldrinum 16–20 ára reyndust 16,1% og 16,7% á aldrinum 31–36 ára. Af þessu er talið mega draga þá ályktun að kannabisneysla flestra sé tímabundin og að flestir hafi aðeins notað efnið einu sinni til tvisvar sinnum.

Landlæknisembættið hefur gert tvær kannanir á neyslu áfengis, tóbaks, ávana- og fíkniefna meðal 15–20 ára skólanemenda af öllu landinu, þá fyrri árið 1984 og þá seinni 1986. Í könnuninni 1984 sögðust 17% nemenda hafa notað kannabis. Talsverður munur var á aldurshópum og algengast að piltar í 4. bekk framhaldsskóla (fæddir 1964) hefðu prófað kannabis. Niðurstöður könnunarinnar virðast benda til þess að regluleg eða stöðug notkun á kannabis sé óveruleg og að frekar sé um fikt að ræða. Niðurstöður könnunarinnar 1986 eru enn óbirtar, en samkvæmt heimildum landlæknisembættisins sýndi könnunin að 14,5% 15–20 ára skólanemenda höfðu reynt kannabisefni.

2. Umfang neyslunnar.

Umfang neyslunnar er einnig óljóst. Menn geta sér þess til að um 1% til 5% af ólöglegum innfluttum fíkniefnum náist af tolli og lögreglu og er þá miðað við reynslu erlendis frá í því efni. Magn fíkniefna sem lagt hefur verið hald á er oft notað til að gefa mynd af umfangi neyslunnar. Þetta er þó engan veginn nákvæmur mælikvarði. Af tölum frá fíkniefnadeild lögreglunnar má sjá að frá árinu 1979 til ársins 1986 hefur magn efna sem lagt er hald á aukist. Hlutfallslega hefur innflutningur amfetamíns aukist mest og aldrei verið lagt hald á jafn mikið magn og á síðast liðnu ári (1986) eða tæplega 1700 grömm. Langmest er af kannabis og var lagt hald á u.þ.b. 10,4 kg af því árið 1986.

Ef bornar eru saman kannanir sem gerðar hafa verið hér á landi og á Norðurlöndum má sjá að Ísland sker sig ekki mikið úr að þessu leyti. Aftur á móti bendir ekkert til að heróíneysla hér sé vandamál eins og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

3. Upptæk fíkniefni.

Í meðfylgjandi töflu má sjá það magn fíkniefna sem lögregla hefur lagt hald á á undanförunum 10 árum (1977–1986).

Tafla I.

Upptæk fíkniefni.
(Í grömmum.)

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Hass	4 610,1	3 820,0	929,0	2 858,0	5 283,1	6 059,2	21 096,1	7 088,7	8 906,0	10 383,1
Marrúana	442,8	1 150,7	507,0	822,3	2 765,5	1 525,0	3 329,0	65,2	573,5	272,8
Hassolfa	15,0	30,9	62,4	24,6	32,3	342,2	295,2	430,0	0,2	0
Kannabis-plöntur (stk)	0	65	11	10	15	57	0	112	27	0
Amfetamín	14,8	14,8	0	1,6	50,6	73,6	624,3	1 348,4	970,2	1 689,1
Kókaín	1,6	1,5	0	0,8	4,6	7,3	25,8	18,5	24,0	7,9
LSD-skammtar	1	11	4	0	0	4	0	775	2 223	2
Heróín	0	0	0	0	0	0	0,3	0	0	0
Meskalín	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Taflan þarfnast ekki nánari skýringa, en þó má benda á skýrslu Ómars H. Kristmundssonar (1985), bls. 45–56.

Langmestur hluti þessara efna hefur þegar verið gerður upptækur með dómsathöfnum og efnunum eytt. Undantekningar eru eftirfarandi:

- a. Mál sem enn eru á rannsóknarstigi hjá lögreglu.
- b. Mál sem eru á ákvörðunarstigi hjá embætti ríkissaksóknara.
- c. Tvö mál á lokastigi við embætti sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum.

4. Upptækur hagnaður.

Um upptækan hagnað eru tiltækar eftirtaldar upplýsingar um árabilið 1980–1986 (allar krónutölur eru á núgildandi verðlagi):

Upptækur hagnaður árið 1980: 163 746 kr.

Upptækur hagnaður árið 1981: 85 475 kr.

Upptækur hagnaður árið 1982: 130 553 kr.

Upptækur hagnaður árið 1983: 135 415 kr.

Upptækur hagnaður árið 1984: 975 176 kr.

Upptækur hagnaður árið 1985: 67 330 kr.

Upptækur hagnaður árið 1986: 238 400 kr.

Skil þessara fjármuna hafa verið til ríkisféhirðis jafnhliða sektarfé.

Nær öll upphæðin sem tilgreind er 1984 barst þó frá Danmörku til dómsmálaráðuneytis og þaðan til fjármálaráðuneytis.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu hefur hún um þessar mundir í vörslu rétt um 300 000 krónur af upptækum hagnaði vegna sölu ávana- og fíkniefna.

5. Heilsutjón.

Samkvæmt upplýsingum Jóhannesar Bergsveinssonar yfirlæknis á geðdeild Landspítalans er skráningu dánarmeina og örorku ekki þannig varið að hægt sé að fá nákvæmar eða greinargóðar upplýsingar sem svar við þessari spurningu. Sem dæmi má þó nefna að um fjórðungur af bráðakomum á geðdeild Borgarspítalans, sem ekki hefur sérstaka deild fyrir vímuefnaneytendur, er af völdum ofneyslu áfengis og lyfja eða um 200 s.l. þrjú ár, en skaðinn er ómældur.

6. Aðgerðir yfirvalda.

Tækjakostur tollgæslunnar hefur á þessum tíma verið aukinn og bættur t.d. með gegnumlýsingartæki á Tollpóststofu, nýjum fjarskiptabúnaði og „fiberscope“ (sjónpípu). Þá hefur samstarf við fíkniefnadeild lögreglunnar verið aukið til muna frá því sem áður var, sem og kennsla um fíkniefni í Tollskóla ríkisins.

Fyrir utan þau almennu varnaðaráhrif sem löggæslu er ætlað að hafa sinna starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík verulegu fræðslustarfi. Auk fræðslu til almennra borgara sinnir deildin eftirfarandi:

- a. Fræðslufundum foreldra- og kennarafélaga í ýmsum skólum.
- b. Fræðslufundum hjá almennum félagasamtökum.
- c. Fræðslufundum á almennum borgarafundum borgarhluta eða byggðarlaga.
- d. Umræðu og fræðslu í fjölmiðlum.
- e. Þátttöku í stjórn foreldrasamtakanna Vímulausrar æsku og beinni þátttöku í þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Á sviði forvarna má nefna þátt fyrirbyggjandi fræðslu í skólum, en lögum samkvæmt skal bindindisfræðsla fara fram í öllum skólum ríkisins og öðrum skólum sem njóta styrks af ríkisfé. Námsstjóri í fíknivörnum er starfandi í hálfri stöðu á vegum menntamálaráðuneytis.

Rannsóknir víða um heim hafa leitt í ljós að sú fræðsla sem tíðkast hefur á undanförnum árum hefur ekki haft þau varnaðaráhrif sem til var ætlast. Því hafa fræðslufirvöld hafið tilraunakennslu á námsefninu Lions Quest, en það er í anda þeirra nýju sjónarmiða sem nú þykja vænlegust til árangurs. Enn fremur er unnið að þýðingu og undirbúningi að notkun sænsks kennsluefnis sem vel þykir hafa reynst.

Í hinum nýju sjónarmiðum í fíknivörnum er megináherslan lögð á einstaklinginn sjálfan en ekki efnin og skaðsemi þeirra. Reynt er að þroska sjálfstæði einstaklingsins og gera hann hæfari til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að standast hópþrýsting.

Ávana- og fíkniefnafræðsla hefur lengi verið þáttur í almennu kennararnámi og einnig verið í boði á endurmenntunarnámskeiðum. Síðustu fimm árin hafa nokkrar breytingar verið gerðar á fíkniefnafræðslunni. Reynt hefur verið að tengja hana betur öðrum námsþáttum í umfjöllun um unglingsár.

Starf útideilda við félagsmálastofnanir telst einnig til forvarna. Útideildir eru starfræktar við félagsmálastofnanir í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, en annars staðar á landinu telja félagsmálayfirvöld ekki við sérstakan vanda að glíma á þessu sviði annan en þann sem lýtur að áfengi. Útideildirnar sinna mikilvægu leitarstarfi meðal unglinga- og áhættuhópa og tekst oft að koma í veg fyrir að til vandræða komi hjá þessum hópi. Annað félagsmálastarf og ýmsir kostir á því sviði hafa einnig þýðingu í þessu sambandi. Starfsemi félagsmiðstöðva, félagsstarf í skólum, íþrótta- og æskulýðsfélögum er talið gegna mikilvægu hlutverki á sviði forvarna.

7. Innlagnir á meðferðarstofnanir.

Um 2500 einstaklingar hafa lagst inn á meðferðarstofnanir fyrir áfengissjúka árlega s.l. fimm ár. Þangað leita einnig blandaðir misnotendur en þeir eru um 20%, þ.e. 500 fíkniefnaneytendur á ári. Þannig hafa um 2500 blandaðir misnotendur samtals lagst inn á stofnanir s.l. fimm ár. Þess ber að gæta að oft er þó um að ræða endurinnlagnir sömu einstaklinga.

8. Úrræði til að veita aðstoð.

Tafla II sýnir lista yfir athvörf og meðferðarstofnanir fyrir fíkniefnaneytendur.

Tafla II.

TEGUND	HEITI	REKSTRARADILI	VISTRÝMI			ATHUGASEMDIR
			1978	1984	1986	
1. Neyðarathvörf	Þingholstr. 25, R.	Reykjavíkurborg	18	18	18	
	Kvennaathvarfið	Rvk. og áhugasamtök	8	7	7	Frekar verndað heimili
	Mæðraheimilið	Rvk. og áhugasamtök	8	7	7	Einnig bráðameðferð
2. Göngudeildir	Rauðakrosshúsið	Rauði kross Íslands				
	Unglinganeyðarathvarf	Unglingaheimili ríkisins		10		
	Ungl.heim. Sólheimur	Reykjavíkurborg		7		
3. Bráðameðferð (mat og rannsókn)	Landsþítalinn	Ríkisspítalar				
	Göngud. Sifumúla	S.Á.Á.				
	Unglingaráðgjöfin	Unglingaheimili ríkisins				
4. Framhaldsmeðferð	Unglingadeild, Tryggvagötu	Reykjavíkurborg				
	Geðdeild Landspítalans	Ríkisspítalar	17	15	15	Fyrir 1984 rak S.Á.Á.
	Vogur Hlaðgerðarkot	S.Á.Á. Samhjálp	22	18	18	30 vistrými Einnig framhaldsmeðferð
5. Langtímavistun	Vífilsstaðir	Ríkisspítalar	23	22	18	
	Sogn Staðarfell	S.Á.Á.	30	30	30	
		S.Á.Á.	30	30	30	
6. Vernduð heimili, áfangastaðir	Gunnarsholt	Ríkisspítalar	46	40	39	
	Víðines	Bláa bandið	36	70	70	
	Torfastaðir	Ríkið			6	
7. Meðferð fyrir útlendinga	Krossinn, Kópavogi	Krossinn, áhugasamtök			6	Einnig verndað heimili
	Amtmannsstjgur	Reykjavíkurborg			6	Einnig meðferðarstofnun
	Skjöldur	Skjöldur, áhugasamtök	18	22	22	
7. Meðferð fyrir útlendinga	Rísið	Rísið, áhugasamtök	12	23	25	
	Prepið	Prepið, áhugasamtök			14	Blönduð vistun
	Sporið	Sporið, áhugasamtök			15	
7. Meðferð fyrir útlendinga	Vernd	Vernd	17	17	18	
	Unglingasambýlið	Unglingaheimili ríkisins			6	Einnig meðferð
	Von	Von, áhugamannafélag			20	
			285	385	467	

Forvarnar- og fræðslustarf heyrir að mestu undir menntamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneyti að hluta til. Margir sem eiga í vanda vegna fíkniefnaneyslu leita til félagsmálastofnana og presta. Aðstaða hér á landi er um margt góð miðað við önnur lönd, en meiri sérhæfingar er þörf sérstaklega í þágu ungra fíkniefnaneytenda.

Í samræmi við 39. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, starfar Unglingaheimili ríkisins undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Á Unglingaheimilinu skulu vistuð „börn og ungmenni sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstígum“, eins og segir í lögunum.

Í reglugerð um Unglingaheimili ríkisins nr. 118/1978 er gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu til þess að annast fíkniefnaneytendur, en stjórnarnefnd Unglingaheimilisins og forstöðumaður hafa gert tillögu um að sett verði á fót við heimilið sérstök deild sem sé langtímauppeldis- og meðferðardeild fyrir unga vímuefnaneytendur. Skuli deildin starfa í samvinnu við þær stofnanir heilbrigðiskerfisins sem sinni neyðarþjónustu fyrir vímuefnaneytendur.

„Fíkniefnanefnd“ ríkisstjórnarinnar hefur tekið afstöðu til þess að þörf sé fyrir slíkt meðferðarúræði.

9. Afbrot.

Til að svara því hvort upplýsingar séu fyrir hendi um hve mörg afbrott á s.l. 10 árum megi rekja beint til fíkniefnaneyslu leitaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið til allra lögreglustjóra á landinu. Svör bárust frá flestum þeirra eða 18. Af svörum þeim sem fengust má sjá að í fæstum tilfellum er um að ræða sérstaka skráningu á þessu sviði hjá hinum ýmsu embættum.

Hér á eftir fer yfirlit yfir þau svör sem bárust:

Engar upplýsingar fyrir hendi:

Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.
Sýslumaður Rangárvallasýslu.
Sýslumaður Árnessýslu og bæjarfógeti á Selfossi.
Bæjarfógeti Ólafsfirði.
Bæjarfógeti Akranesi.
Lögreglustjóri í Hafnarfirði.
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu.

Engin afbrot sem rekja má beint til fíkniefnaneyslu:

Lögreglan í Húnavatnssýslu, Blönduósi.
Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri og Dalvík.
Sýslumaður Þingeyjarsýslu og bæjarfógeti Húsavíkur.
Sýslumaður Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti Seyðisfirði.
Sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu.
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
Bæjarfógeti Neskaupstaðar.

Afbrot tengd fíkniefnaneyslu:

Sýslumaður Strandasýslu: eitt brot 1986.
Bæjarfógetinn Kópavogi: eitt brot 1982, ekkert brot 1983, fjögur brot 1984, tvö brot 1985 og átta brot 1986.

Samkvæmt upplýsingum bæjarfógetans á Siglufirði hefur sjö sinnum verið kært frá árinu 1982 til dagsins í dag fyrir neyslu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Í svari sýslumanns Ísafjarðarsýslu var tilgreindur fjöldi brota gegn fíkniefnalöggjöf frá árinu 1981–1985: ekkert brot 1981, fimm brot 1982, níu brot 1983, sjö brot 1984 og átta brot 1985.

Enn fremur var leitað til Rannsóknarlögreglu ríkisins, en upplýsingar um tengsl fíkniefnaneyslu og afbrota eru ekki skráðar sérstaklega í málaskrá hjá embættinu.

Hins vegar er vitað að allmörg afbrot, einkum þjófnaðar- og fölsunarbrot, má rekja beint eða óbeint til fíkniefnaneyslu, en upplýsingar um fjölda slíkra tilvika eru ekki aðgengilegar.

Í svari sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum kom fram að við embættið eru nánast eingöngu afgreidd brot gegn fíkniefnalöggjöf. Sjaldgæfar undantekningar frá þessu eru þær að önnur brot, t.d. gegn umferðar- eða tollalöggjöf, séu vegna réttarfarsreglna sameinuð fíkniefnabrotum við afgreiðslu.

Dómari og fulltrúar við embættið sjá í nokkrum tilvikum ár hvert af sakavottorðum aðila, sem ákærðir eru fyrir fíkniefnamisferli, að viðkomandi hefur einnig brotið gegn refsilöggjöf á öðrum sviðum og jafnvel margoft. Þar af þykir þó ekki verða ráðið um það orsakasamhengi sem um er rætt.

10. Vopn.

Á síðast liðnum tveimur árum, þ.e. árunum 1985 og 1986, lögðu starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hald á fjórar skammbyssur, tvo riffla og fimm haglabyssur, auk 103 skota sem voru í vörslu kærðra. Byssurnar voru ýmist nýjar eða gamlar en allar virkar.

Auk þess lögðu starfsmenn fíkniefnadeildar hald á mikið magn alls konar hnífa og lagvopna en mjög algengt er að neytendur og sölumenn fíkniefna beri slíkt á sér.

Ekki er til nákvæm tala yfir hnífa og lagvopn (sverð, sveðjur) en á munaskrár fyrir ofangreind tvö ár eru um 50 slík vopn. Þar fyrir utan má reikna með um 20 vopnum sem starfsmenn eyðilögðu strax eftir afsal kærðra.

Auk þess var lagt hald á nokkrar kylfur, bæði heimatilbúnað og keyptar erlendis, nokkur hnúajárn og einn örvaboga.

11. Dauðsföll og sjálfsvíg.

Erfitt er að fullyrða nokkuð um dauðsföll af völdum fíkniefnaneyslu. Rannsóknastofa í lyfjafræði við Háskóla Íslands skráir sérstaklega á tölvu dauðsföll að loknum krufningum en ekki hvort um dauða hefur verið að ræða af völdum fíkniefnaneyslu. Í riti dr. Þorkels Jóhannessonar *Lyfjafræði miðtaugakerfisins* (1984) er um þetta fjallað. Varðandi neyslu róandi lyfja og svefnlyfja hafa dauðsföll af völdum klórals eða þar sem klóral hefur komið við sögu orðið tæplega eitt á ári undanfarin ár. Á árunum 1977–1981 mátti rekja tæplega 20% allra dauðsfalla, sem rannsökuð voru, til töku barbítúrsýrusambanda (mebúmals, fenemals o.fl.). Benzodiazepínsambönd (díazepam o.fl.) valda tæpast dauða ein sér en taka þeirra er oft meðverkandi dánarorsök. Þessi lyf komu við sögu í alls rúmlega 20% dauðsfalla á árunum 1977–1981 og hefur þetta hlutfall síðan heldur vaxið.

Hér á landi hafa svo vitað sé ekki orðið dauðsföll af völdum neyslu á morfíni og heróíni. Sama gildir um neyslu amfetamíns og kokaíns. Talið er að dauðsföll af völdum kannabis og LSD séu óþekkt (bls. 159–163).

Í könnun er heilbrigðisráðuneytið lét gera árið 1982 kom í ljós að þeim sem hlutu fíkniefnadóma 1980 fækkaði um 3% næstu tvö árin af völdum ótímabærra dauðsfalla. Voru þessir aðilar allir karlmenn innan við þrítugt. Fleiri eru eflaust látnir núna fjórum árum síðar.

Um sjálfsvíginn er ekkert hægt að fullyrða, þar skortir upplýsingar.

12. Kostnaður fíkniefnaneytenda.

Mjög er mismunandi hversu mikið hver neytandi notar af efnum. Samkvæmt þeim dæmum, sem fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík þekkir til, neyta þeir sem segja má að háðir séu efnunum allt að hálfu til einu grammi af amfetamíni eða hassi á dag, auk annarra efna oft samhliða. Taka skal fram að mun minna þarf af amfetamíni en hassi til þess að komast í vímuástand og neysla á einu grammi af amfetamíni á dag telst mikil neysla.

Eitt gramm af amfetamíni kostar nú um 4500 krónur.

Eitt gramm af hassi kostar nú um 800 til 1000 krónur.

13. Fíkniefnaneysla í fangelsum.

Ekki hefur verið kannað hversu mikil ólögleg fíkniefnaneysla í fangelsum er. Til að koma í veg fyrir slíka neyslu er leitað á öllum föngum við komu í fangelsið og einnig á sér stað leit innan fangelsa ef grunur leikur á að ólögleg lyf eða önnur fíkniefni séu í umferð á meðal fanga.

14. Þjálfun toll- og löggæslumanna.

Nemendur Tollskóla ríkisins fá kennslu í fíkniefnamálum. Þá hafa um tíu reyndir starfsmenn verið við störf um tíma í fíkniefnadeild lögreglunnar og einn tollvörður hefur verið sendur þangað skamman tíma frá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli.

Frá árinu 1982 hafa fjórir lögreglumenn fíkniefnadeildar verið sendir til útlanda á námskeið og til kynnisdvalar. Auk þess hefur eitt sérnámskeið verið haldið í fíkniefnarannsóknnum.

Meðalstarfsaldur þeirra lögreglumanna, sem nú eru starfandi í fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, er rétt rúm tvö ár innan deildarinnar.

Embætti tollgæslustjóra telur að allir starfsmenn tollgæslunnar sinni þessum málaflokki. Meðalstarfsaldur starfsmanna tollgæslunnar er 14,79 ár miðað við síðustu áramót.

15. Samvinna við erlend toll- og löggæslufirvöld.

Samstarf innlendra yfirvalda og erlendra á sviði fíkniefnamála hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Varðandi samstarf tollyfirvalda hér á landi og erlendis skal þess getið að það byggist á samþykkt Alþjóðatollasamvinnuráðsins, sem Ísland er aðili að, frá árinu 1953, auk tollasamninga sem við höfum gert við aðrar Norðurlandþjóðir og Vestur-Þjóðverja. Þessir samningar hafa reynst traustur grundvöllur fyrir samstarf, en auk þess má nefna að samstarf við bresk tollyfirvöld hefur reynst ágætt, enda þótt ekki hafi legið til grundvallar því sérstakur samningur. Tollgæslustjóri hefur lagt til að slíkur samningur verði gerður bæði við Breta og Hollendinga.

Eðli málsins samkvæmt eru samskipti íslenskra tollyfirvalda nánust við tollyfirvöld annars staðar á Norðurlöndum, en reglulega eru haldnir fundir tollstjóra og annarra yfirmanna tollgæslu á Norðurlöndum og hafa tollstjórinn í Reykjavík og tollgæslustjóri tekið þátt í þeim fundum. Árlega bera yfirmenn tollgæslu á Norðurlöndum saman bækur sínar um tollamál og hefur eitt meginverkefni slíkra funda verið fíkniefnamálin. Staðan í hverju einstöku landi er þá rædd, tæknimál og vinnubrögð í baráttu gegn fíkniefnasmygli. Telja íslensk tollyfirvöld þetta samstarf mikilvægt og nauðsynlegt. Með nokkurra ára millibili hafa verið haldnir sérstakir fundir í tengslum við þessa fundi þar sem komið hafa saman fulltrúar fleiri Evrópuþjóða til að ráða ráðum sínum, bæði um fíkniefnamál og önnur málefni tollyfirvalda.

Upplýsingar erlendis frá berast fíkniefnadeild lögreglunnar beint með símtölum eða bréfum eða með milligöngu Interpol og þá í gegnum dómsmálaráðuneyti. Á sama hátt miðlar fíkniefnadeildin upplýsingum til útlanda. Hvort sem upplýsingar eru sendar beint eða

með milligöngu Interpol er um tvær leiðir að velja, að haft sé samband við lögregluþyrifvöld viðkomandi lands eða svonefnda norræna sambandsmenn en það eru lögreglumenn sem sendir hafa verið frá öðrum Norðurlandþjóðum til starfa erlendis. Þeir hafa síðan milligöngu um að koma upplýsingum til skila eða afla þeirra fyrir fíkniefnadeildina. Þetta fyrirkomulag hefur oft gefist vel. Ef þörf er á aðgerðum erlendis, svo sem yfirheyrslum eða öðru því um líku, fer slíkt nánast alltaf fram með milligöngu Interpol. Á sama hátt berast beiðnir um slíkt til fíkniefnadeildarinnar gegnum Interpol. Þó kemur fyrir að lögregluþyrifvöld á Norðurlöndum snúa sér beint til embættis lögreglustjórans í Reykjavík með slíkar beiðnir. Rétt er að geta þess að tollgæslan lætur lögreglu í té upplýsingar sem henni berast erlendis frá.

16. Tækjakostur toll- og löggæslu.

Að mati tollgæslustjóra er tollgæslan ágætlega tækjum búin til að sinna eftirliti með fíkniefnasmygli. Á tollpóststofunni hefur tollgæslan gegnumlýsingartæki sem getur sýnt hvort póstsendingar innihalda aðskotahluti. Gerir tækið það að verkum að ekki verður eins mikil þörf og ella að skoða sendingar af ýmsu tagi með því að opna þær. Greiningartæki hefur tollgæslan á starfsstöðvum sínum, en slík tæki geta sýnt hvort efni, sem prufað er, kunni að vera ávana- eða fíkniefni af tiltekinni tegund. Tollgæslan í Reykjavík á einnig tæki til leitar, sem á erlendum málum er kallað „fiberscope“, en það er eins konar sjónpípa sem unnt er að nota til að sjá í holrúm sem ella væru hulin eða erfiðleikum bundið að komast í. Er ljós á þeim enda pípunnar sem stungið er í holrúmið og unnt að sjá gegnum hana. Tollgæslan er ágætlega búin talstöðvum og verður brátt unnt að samtengja talstöðvabúnað tollgæslunnar og fíkniefnadeildar lögreglunnar.

Á hverjum tíma er fylgst með nýmælum á sviði hjálpartækja og kannað hvort þar sé að finna eitthvað sem að gagni mætti koma. Að mestu leyti hefur verið komið til móts við óskir tollgæslunnar um tækjakost.

Óskalistar um nauðsynlegan tæknibúnað frá starfsmönnum fíkniefnadeildar hafa oft verið sendir til yfirvalda. Ekki hefur að fullu verið komið til móts við slíka óskalista.

Á eftirfarandi lista er að finna upplýsingar um þann tæknibúnað sem fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur öðlast undanfarin tvö ár og enn fremur þau tæki sem deildin telur nauðsynlegt að fá til viðbótar.

Tæknibúnaður fyrir rannsóknir í fíkniefnamálum.

Sett upp í forgangsörð miðað við þarfir.

1. *Pulse and tone decoder* er til að finna út símanúmer af segulbandsupptökum. Tækið er alveg nýtt af nálinni og er von á verði og tækniupplýsingum innan tíðar. Tækið er með þeim eiginleikum að það tekur bæði púls og tónval og gefur svörun um leið á „display“.
2. *Target tracker/tracking system, M7101/10. Automatic direction finder ADFS-922/ADFS-932* er notað við að fylgjast með ökutækjum, bátum, pökkum og fólki úr fjarlægð. Móttakarinn, sem er búinn bæði radar og hljóðgjafa, er venjulega í farartækjum (bílum, flugvélum (þyrlum), bátum) og er loftnet notað til að ná sendingum frá „Beacon“ sem staðsettur er á eða í því sem fylgst er með. Búnaðurinn samanstendur af fjölmörgum hlutum, með miklum möguleikum til að fylgjast með og staðsetja hreyfanleg „skotmörk“. Sendarnir eru af mismunandi stærðum og miskraftmiklir „power outputs“. Tækið getur móttækið sendingar í átta kílómetra fjarlægð á opnu svæði og þriggja kílómetra fjarlægð í borgum og bæjum. Það sem þarf í grunninn á þessum tækjabúnaði er: móttakari með radar og hljóði, móttakari með hljóði, loftnet af tveimur til þremur tegundum, sendar af fjórum tegundum. Verð frá Griffiths í Englandi á lágmarksbúnaði er um 14 000 pund (GBP) á Target Tracker en ADFS er frá Ocean Applied Research.

3. *Super slender probe system (JAI 705.39.00), Pinhole lens, endoscope lens og fiber optics* eru linsubúnaður til notkunar við þau tæki sem fyrir eru. Pinhole-linsur eru með mjög litlu sjónauga og því heppilegar til notkunar þar sem koma þarf fyrir myndbandabúnaði á áberandi og „heitum“ stað. Endoscope-linsur eru til í nokkrum stærðum og gerðum. Þær eru mjög hentugar þegar þarf að sjá inn í þrönga og óaðgengilega staði, inn í hólf, inn í bréf og böggla og í gegnum vegg. Nauðsynlegt er að hafa þrjár gerðir, „straight angular“, „right angular“ og innbyggt í útvarpsloftnet á bíl. Fiber optics eru linsur sem festar eru á fíberbarka og eru notuð við mjög erfið skilyrði eins og þegar setja þarf t.d. linsur inn í lokuð hólf og aðra staði sem þarf að „þræða“ linsum inn í. Super slender probe lens samanstendur af nokkrum gerðum af endoscope-linsum og eru því hagkvæmustu kaupin í þessu setti en SSPL er notað í skyggingum þar sem ekki er hægt að koma fyrir venjulegum pinhole-linsum eða fiber optics. Möguleiki er á að sjá í gegnum göt sem eru ekki stærri en í tveir millimetrar í þvermál og í gegnum allt að 350 mm þykkt. SSPL getur ekki komið í staðinn fyrir „útvarpsloftnetið“ en er bæði fyrir „straight angular“ og „right angular“ endoscope-linsur.

Verðið á SSPL er 8000 DM. Verðið á „endoscope in car antenna“ og „fiber optics“ er á leiðinni.

Verð: Pinhole lens, right angle, manual: 622 DM; straight angle, manual: 624 DM; pinhole lens, straight, auto iris: 2835 DM; super slender probe lens kit: 6900 DM.

4. „Scramblerar“ fyrir handtalstöðvar og móðurstöð:
Teltron SP 850 og Teltron SP 851. Vinnur bæði á tíma og tíðnisviði. Tæki þessi hafa mikla möguleika á breyttum kóðum og því mjög erfitt, ef ekki útilokað, að leita uppi tíðnisviðið. Verð er á leiðinni en SP 851 kostar 3000 DM en það tæki er fyrir móðurstöðina.
5. *Til hlustunar í gegnum vegg, gólf, gler og hurðir.* Tækið er frá Bruel og Kjar. Tækið er mjög næmt. Verð er væntanlegt.
6. *Tape Recorder and Filter system.* Segulbandsupptökur með Revox-tækjum eru mjög nákvæmar og góðar. Þó kemur fyrir að filtera þurfi út einstaka samtöl og verður þá að nota sérstaka filtera, High Speed Adaptive Digital Filter System, DAC 1024, tengda við segulböndin. Þá er hægt að taka út öll hljóð sem ekki eiga við. Verð er á leiðinni. Danir mæla sérstaklega með þessum búnaði, eftir miklar prófanir.
7. Motion Detector frá JAI með klukku og dagsetningu og er notað með B3;3. Verð um það bil 5500 DM.

Tæki fyrir ÁFD fengin á s.l. tveimur árum.

1. Nætursjónauki (infra-red). Unnt að taka ljósmyndir að nóttu.
2. Trim talstöðvar, Motorola MX350, (fjórar handtalstöðvar, ein móðurstöð með „scanner“).
3. Myndbandstæki (Video-system):
 - a. 1 myndavél (Video-guard 711), ljósnæm frá JAI.
 - b. 1 myndavél (CCD camera), ljósnæm frá JAI.
 - c. 1 Zoom-linsa fyrir 711.
 - d. 1 8,5 mm linsa fyrir CCD, með auto iris.
 - e. 1 16 mm linsa fyrir CCD.
 - f. 1 JAI-monitor, 12 volt.
 - g. 1 JAI-monitor, 220 volt, með myndavél (polaroid).
 - h. 1 Motion detector, JAI, tekur sjálfvirk inn hreyfingar.
 - i. 2 Panasonic-myndsegulbandstæki án tuners, til notkunar við myndbandatökuvélar.

- j. 1 Panasonic-myndsegulbandstæki, móðurtæki, mjög fullkomið til notkunar við að skoða upptökur, klippa úr og kópiera.
 - k. 1 sendir, UHF, JAI, til notkunar á þráðlausum myndbandasendingum með CCD og 711.
 - l. 2 loftnet til notkunar með sendi í UHF.
 - m. 1 12 volta spennir til notkunar með myndbandabúnaði.
 - n. Aukabúnaður; tengingar og aukahlutir til notkunar með ofangreindum búnaði.
4. Ljósmyndataeki.
- 1 Canon ljósmyndalinsa, 300 mm, f=1,4.
- Lionessur gáfu eftirtalin tæki:
- 1 Panasonic-myndsegulbandstæki ásamt rafhlöðu og fylgihlutum (B 3,9).
 - 1 Monitor ásamt Polaroid-myndavél (B 3,7).
 - 1 Panasonic-myndsegulbandstæki (B 3,10).

17. Fé til aðgerða gegn fíkniefnaneyslu.

Öll starfsemi toll- og löggæslu er á sinn hátt liður í aðgerðum gegn fíkniefnasmygli. Hlutfallistölur með tilliti til toll- og löggæslu annars staðar á Norðurlöndum eru ókunnar.

Aðrar aðgerðir gegn fíkniefnum kostaðar af ríkissjóði eru á sviði fyrirbyggjandi fræðslu í skólum, á sviði heilbrigðismála og á sviði félagsmála.

Ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um hversu miklum fjármunum hefur beinlínis verið varið til aðgerða gegn fíkniefnum s.l. fimm ár, en á fjárlagaliðum allra ráðuneyta sem með þessa málaflokka fara má finna fjárveitingar til þessa þáttar þó það sé ekki sérgreint sem slíkt.

18. Viðurlög.

Í riti Ómars H. Kristmundssonar, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*, bls. 36–44, eru ítarlegar athuganir og upplýsingar um margt það sem nefnt er í þessari spurningu.

Heildarmálafjöldi við embætti sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum árabilið 1974–1978 var 160–170 mál ár hvert en dómar fáir.

Eftir það, eða árabilið 1979–1986, hefur málafjöldinn, sundurliðaður, verið eins og rakið er í töflu III hér að neðan.

Tafla III. Málafjöldi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1979—1986.

	1979	1980	1981	1982		
Mál	200	285	295	263		
Dómsáttir	181	236	261	220		
Ákærur	19	49	34	43		
	1983	1984	1985	1986	Samtals	Fjöldi/ár
Mál	255	248	310	261	2117	265
Dómsáttir	227	231	271	227	1854	232
Ákærur	28	17	39	34	263	33

Samtalan fyrir þetta tímabil er þannig 2117 mál, þar af hefur 1854 lokið með dómsátt. Meðalfjöldi mála ár hvert er 265 mál, þar af 33 mál sem kært er í.

Lægsta fésekt fyrir minnstu afskipti af kannabis-efnum er nú 8000 kr. Hæsta fésekt til þessa innan ramma dómsáttar er 75 000 kr. Oftast er í þessu sambandi um að ræða kaup eða aðra útveggun og vörslu lítills magns ásamt meðhöndlun í eigin þágu. Ekki er á þessu stigi við sektarákvörðun gerður mikill munur á efnistegundum, hassi, mariúana, hassolíu, amfetamíni eða LSD.

Oft hefur verið fullyrt um seinagang þessara mála við afgreiðslu. Þetta atriði var athugað sérstaklega árið 1985 varðandi 271 dómsátt sem það ár var gerð við embættið samkvæmt töflu III hér að ofan.

Í ljós kom að 118 þessara mála voru afgreidd samdægurs. Að auki voru 95 mál til viðbótar afgreidd eða fullbúin til afgreiðslu af hálfu dómstólsins innan einnar viku. Samkvæmt þessu hlutu 213 af 271 dómsátt árið 1985 nánast tafarlausa afgreiðslu.

Fjöldi dóma er áður nefndur í töflu III. Skipting þeirra eftir refsitögundum er rakin nákvæmlega árabilið 1974–1983 í töflunni hér að neðan.

Tafla IV. **Dómar og dómsáttir sakadóms í ávana- og fíkniefna-
málum tímabilið 1974—1983.**

DÓMAR	1974—77	1978—80	1981—83	ALLS
SÝKNA	4	6	13	23
FJÁRSEKT	14	7	8	29
SKB. FANGELSI*)	1		1	2
SKB. FANGELSI+SEKT		7	4	11
SKB. VARÐHALD+SEKT		2	5	7
SKB. VARÐHALD			5	5
ÓSKB. FANGELSI	9	6	16	31
ÓSKB. FANGELSI+SEKT	9	30	44	83
ÓSKB. VARÐHALD		2	3	5
ÓSKB. VARÐHALD+SEKT		3	9	12
ÓSKB+SKB. FANGELSI+SEKT		5	1	6
DÓMSÁTTIR	680	632	708	2022
AFGREIDDAR Á ÁRI AÐ				
MEÐALTALI:	170	211	236	202
DÓMAR/DÓMSÁTTIR**)	1/18	1/9	1/7	1/10

*) Óskb. fangelsi = (ó)skilorðsbundið fangelsi.

**) Hlutfallið var jafnað til einföldunar.

(Heimild: Ómar H. Kristmundsson, 1985.)

Í töflu V er sýnd tímalengd refsivistar samkvæmt dómum upp kveðnum árin 1979—1986.

Tafla V. Tímalengd refsivistardóma (óskilorðsbundið fangelsi eða varðhald) uppkveðinna hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 1979—85*).

Mánuðir	1979	1980	1981	1982
1	1	1	1	4
2	1	2	4	3
3	2	5	4	7
4	2	1	2	1
5	3	2	2	4
6	3	4	1	4
7	1	1	2	1
8		1		1
9		1	1	2
10		1	1	
11				
12	1	3	2	
15		1		
18		1	1	
20			1	
24		1	1	
42				1
Samtals óskb. dómar	14	25	23	28
% af öllum ákærum	73,7	51,0	67,6	65,1
Meðallengd	4,9	7,4	7,1	5,5

Mánuðir	1983	1984	1985	1986**)	Samtals	%	Samanl. %
1	1		2	2	12	6,6	6,6
2	5	1	8	7	31	17,0	23,6
3	5	4	7	1	35	19,2	42,8
4	4	3	3	1	17	9,4	52,2
5	3	1	2		17	9,4	61,6
6			4	2	18	9,9	71,5
7	2			1	8	4,4	75,9
8				1	3	1,7	77,6
9			1	1	6	3,3	80,9
10	1		1	1	5	2,8	83,7
11				2	2	1,1	84,8
12				1	7	3,8	88,6
13			2		2	1,1	89,7
15			1		2	1,1	90,8
18	1				3	1,7	92,5
20					1	0,5	93,0
24			3	1	6	3,3	96,3
30				1	1	0,5	96,8
36				2	2	1,1	97,9
42					1	0,5	98,4
48			1		1	0,5	98,9
60				2	2	1,1	100,0
Samtals	22	9	35	26	182	100,0	
% af ákærum	78,6	52,9	89,7	76,5	69,4		
Meðallengd	4,5	3,4	7,2	13,1	6,6		

*) Þegar um samsettan dóm er að ræða (óskilorðsbundinn+skilorðsbundinn) er miðað við lengd óskb. hluta dómsins.

**) Þrjú stór mál eru til meðferðar í Hæstarétti og geta þau breytt ofangreindum meðaltalstölum frá árinu 1986.

Vegna hinnar miklu meðaltalshækkunar, sem sést árið 1986, skal áréttað að þetta ár hlutu fimm aðilar í þremur málum samtals 18 ára fangelsi. Þessi mál eru öll um þessar mundir til lokameðferðar hjá Hæstarétti Íslands.

Innheimtar sektir hafa numið eftirfarandi:

1980: 270 716 kr.
1981: 349 758 kr.
1982: 702 048 kr.
1983: 759 801 kr.
1984: 559 144 kr.
1985: 935 506 kr.
1986: 588 193 kr.

Afplánanir vararefsinga í stað sekta hafa síðasta misseri verið óverulegar vegna skorts á vistunarrými.

Álagðar sektir hafa undanfarin ár numið:

1983: 978 850 kr.
1984: 1 345 200 kr.
1985: 2 666 500 kr.
1986: 3 128 500 kr.

Í þessu sambandi ber að nefna að samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis, dags. 31. des. 1985, ber frá 1. jan. 1986 að senda sektir til innheimtu lögreglustjóra í heimabyggð skuldara.

19. Aðgangur lögreglu að pósti.

Lögreglan hefur óheftan aðgang að pósti ef grunur leikur á að hann innihaldi fíkniefni. Tollgæslan leitar í pósti, sem kemur frá útlöndum, og lögreglan aðstoðar eftir því sem þörf er á og um er beðið, m.a. með leitarhundum. Í þessum efnum er góð samvinna milli lögreglu tollgæslu á Keflavíkurflugvelli og tollgæslu í Reykjavík vegna tollpóststofunnar. Leitað er með hundum í pósti sem dreifa á innanlands bæði á aðalpósthúsinu í Reykjavík svo og hjá pósthlytjendum, svo sem í vöruafgreiðslu Flugleiða.

20. Lögleg vanabindandi lyf.

Fyrir u.þ.b. 10 árum var neysla vanabindandi, löglegra lyfja nokkuð meiri en nú gerist, en tók þá að minnka þar til fyrir um fimm árum. Þá tók þessi neysla að verða stöðugri og hefur verið svipuð síðan og í samræmi við þá neyslu sem gerist í nágrannalöndum okkar.

21. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórninni er ljós sá þjóðfélagslegi vandi sem neyslu fíkniefna fylgir og hefur brugðist við m.a. með skipan framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar til þess að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna. Í nefndinni, sem skipuð var þann 15. maí á síðasta ári, eiga sæti fulltrúar alls sjö ráðuneyta auk fulltrúa biskups Íslands.

Samkvæmt skipunarbréfi er nefndinni ætlað að „vinna að samræmingu hugmynda og verkefna einstakra ráðuneyta um ofangreind mál og leita eftir samstarfi við þær stofnanir og sérfræðinga sem starfandi eru á þessu sviði og þau mörgu áhugamannasamtök sem sýnt hafa áhuga á að taka þátt í aðgerðum gegn þessari vá“.

Hefur nefndin haldið formlega fundi nokkuð reglulega, auk fjölda óformlegra funda. Hún hefur átt fundi með hátt í 30 opinberum aðilum eða stofnunum og 23 félögum eða áhugamannasamtökum.

Nefndin hefur í störfum sínum haft til hliðsjónar minnislista yfir þau atriði sem henni var falið að fjalla um. Viðfangsefnum, sem í þessum minnislista felast, má skipta á eftirfarandi svið:

1. Fræðslu og áróður.
2. Forvarnir.
3. Löggæslu og tollgæslu.
4. Meðferðarúrræði.

Nefndinni var fyrst og fremst ætlað að fjalla um hin ólöglegu ávana- og fíkniefni. Hins vegar verður vart skilið milli löglegra og ólöglegra ávana- og fíkniefna á ýmsum sviðum, t.d. fræðslu, forvarna og meðferðarúrræða, og er verksvið nefndarinnar í skipunarbréfi því ekki takmarkað við ólögleg efni.

Á undanförunum mánuðum hefur nefndin unnið að upplýsingaöflun m.a. í því skyni að fá sem gleggsta mynd af umfangi fíkniefnavandans hér á landi og hvaða úrbóta er þörf á hinum ýmsu sviðum. Talsvert erfitt hefur reynst að átta sig á því hversu umfangsmikill vandinn raunverulega er þar sem verulega skortir á að gerðar hafi verið fullnægjandi vísindalegar kannanir í þessum efnum.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa ákvað hún að skila ekki tillögum til ríkisstjórnarinnar fyrr en í starfslok. Þó var gerð á þessu undantekning þegar Lions-umdæmið á Íslandi sneri sér til nefndarinnar er það bauð íslenskum yfirvöldum kennsluefnið Lions Quest til kennslu í skólum landsins.

Lions Quest er kennsluefni í fíkniefnavörnum en tekur auk þess til margra annarra þátta skólustarfsins og mannlegra samskipta. Það fellur mjög vel að þeim nýju hugmyndum sem sérfræðingar hafa gert sér um námsefni í fíkniefnavörnum. Reynslan þykir sýna að þær aðferðir sem tðkast hafa í fræðslu á undanförunum árum hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Nýja námsefninu er m.a. ætlað að þroska sjálfsvitund einstaklingsins, þjálfa hann í því að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að standast hópþrýsting.

Eftir að hafa kynnt sér þetta námsefni og fengið álit annarra aðila, svo sem skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins sem var mjög jákvætt, lagði nefndin til við ríkisstjórnina í desembermánuði 1986 að efnið yrði kennt til reynslu á ensku í þremur skólum. Samþykkti ríkisstjórnin þessa tillögu og annast menntamálaráðuneytið alla framkvæmd.

Í janúarmánuði síðastliðnum hélt átta manna hópur, kennarar sem annast tilrauna-kennsluna og aðrir hlutaðeigandi, til Bandaríkjanna á námskeið í kennslu Lions Quest-námsefnisins. Skilyrði fyrir því að nota námsefnið er að kennarar hafi sótt þriggja daga námskeið Lions Quest. Nú stendur tilraunakennsla á ensku yfir í tveimur skólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og einum á landsbyggðinni. Að fenginni þeirri reynslu mun svo verða tekin nánari ákvörðun um þýðingu og staðfærslu efnisins.

Sem stendur vinnur nefndin að lokaskýrslu ásamt tillögum til ríkisstjórnarinnar sem væntanlega verður skilað nú í marsmánuði.